

Original Golvfärg Akrýlgólfmálning

Efnislýsing

Original Golvfärg er vatnsþynnanleg, hálfgljáandi gólfmálning til innanhússnota á viðargólf og steypa fleti með léttu til meðal slitálagi. Original Golvfärg er ekki ætlað í rými með stöðugri bleytu.

ATH. Hentar ekki á bílskúrsgólf.



Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint, þurrt og ryklaust. Nýsteyp gólf þurfa að vera gegnumhörðnuð og sementshúðin slípuð af áður en málað er. Stálslípuð steyp gólf skal vélslípa. Ómeðhöndluð steyp gólf skal hreinsa vandlega. Fjarlægjið fitu og olíubletti. Hrærið vel í dósinni. Grunnið með Original Golvfärg sem þynnt hefur verið með 20% vatni. Málið síðan tvær umferðir með óþynntri Original Golvfärg málningu.

Við málun á ómeðhöndluðum viðargólfum skal bera tvisvar sinnum á kvisti í viðnum með Original Kvistlack. Grunnið síðan allan viðinn með Original Háftgrund Snickeri. Málið loks tvær umferðir með óþynntri Original Golvfärg málningu.

Áður málaða viðarfleti skal þvo með Original Málartvätt og skola vel með vatni. Fjarlægjið lausa málningu og mattslípið gólfið. Ryksugið vandlega. Grunnið ójafnt yfirborð og málið loks eina til tvær umferðir yfir flötinn með Original Golvfärg.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Bindiefni: Akrýl

Gljástig: Hálfgljáandi 50%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 2 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Stofnar: BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/i) 140g/l.):

Inniheldur mest 70g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.